

## Einkunnarorð skólans skilgreind

Skrifið niður núverandi skólareglur, bekkjarreglur/reglur sem gilda í tilteknum aðstæðum. Berið saman, ræðið hliðstæður og mismun. Fækkið reglunum í 3 – 5 meginhugmyndir sem eiga að gilda fyrir allan skólann. Ýmsar leiðir hafa verið farnar til að velja einkunnarorð, t.d. hafa nemendur aðstoðað við að finna hvaða orð þeir vilja að höfð séu að leiðarljósi í sínum skóla, byggt á þeim gildum sem skólinn hefur skapað sér o.s.frv. Þegar einkunnarorð/gildi skólans hafa verið skilgreind með hliðsjón af skólareglum og almennum viðhorfum þarf að útbúa reglufylki. Þá eru tilgreindar ólíkar aðstæður eða svæði innan skólans s.s. kennslustofa, gangar, salerni, matsalur, leikvæði og útlistað nákvæmlega hvaða hegðunar er vænst á hverju svæði fyrir sig. Lýsið nákvæmlega hverju er búist við af nemanda. Hvernig líta gildin út í hverjum aðstæðum? Hvernig lítur það út að sýna *virðingu* í matsal? Hvernig lítur vinsemd út í kennslustofu? En á leiksvæði? Á þennan hátt er hver regla skilgreind með nokkrum dæmum fyrir hvert svæði og sett í reglufylki.

Dæmin þurfa að vera stutt, skýr og lýsa sjáanlegri hegðun. Til hliðsjónar við gerð dæma/lýsingar:

Getur þú séð hegðunina? Getur þú sýnt hana?

Myndi ókunnugur vita til hvers væri ætlast og sýnt hegðunina?

Er hægt að orða dæmið skýrar? Með færri orðum? (svarið hér ætti að vera nei!)

Lýsir dæmið nauðsynlegri og mikilvægri hegðun?

Athugið að lýsa hegðun sem á að sýna – forðist *ekki* þ.e. ekki koma með dæmi um hegðun sem á ekki að sýna!

Gildi →	Öryggi	Virðing
Salerni	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Göngum</li> <li>• Notum útbúnað með viðeigandi hætti með því að               <ol style="list-style-type: none"> <li>1. Hafa fatur á gólfi</li> <li>2. Sturta niður í klósettum eftir notkun</li> <li>3. Halda vatni innan vasks</li> <li>4. Notu vatn og sápu við handþvott</li> <li>5. Setja notaðar bréfpurrkur í ruslafötur</li> <li>6. Láta fullorðinn vita ef vandamál koma upp</li> </ol> </li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Höldum höndum og fótum að okkur sjálfum</li> <li>• Höldum svæðum snyrtilegum</li> <li>• Notum inni röddina</li> <li>• Bíðum þolinmóð eftir að röðin kemur að okkur</li> </ul>